

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, í tilefni af
tveggja ára samstarfi Lyfjafræðideildar Háskóla Íslands,
Landspítalans og University College London um klínískt
meistaránám í lyfjafræði. Haldið á Litla-Torgi fimmtudaginn 4.
október 2018 kl. 17.**

Heilbrigðisráðherra, forstjóri Landspítala, framsögumenn, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð við þennan viðburð sem haldinn er af Lyfjafræðideild Háskóla Íslands, Landspítalanum, Lyfjafræðingafélagi Íslands, University College London og Royal Pharmaceutical Society í tilefni þess að tvö ár eru liðin frá því að þessir aðilar efndu til formlegs samstarfs um klínískt meistaránám í lyfjafræði.

Nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands hófst fyrir rúmum 60 árum og á sér bæði langa og farsæla sögu innan skólans. Kennsla til fyrrihlutprófs í lyfjafræði lyfsala hófst árið 1957 um leið og Lyfjafræðingaskóli Íslands, sem starfræktur hafði verið frá 1940, var lagður niður. Var þá jafnframt stofnað til fyrsta prófessorsstarfsins í lyfjafræði. Í fyrstu fór námið fram innan Læknadeildar en sjálfstæð Lyfjafræðideild var sett á laggirnar árið 2000.

Árið 1987 útskrifuðust fyrstu lyfjafræðingarnir með kandidateitpróf í greininni að loknu fimm ára námi. Skipulegt doktorsnám í lyfjafræði hófst veturinn 1994-1995 og brautskráðist fyrsti doktorinn úr því námi árið 1997. Óhætt er að segja að innleiðing rannsóknatengds framhaldsnáms, kandidateitnáms og doktorsnáms, hafi reynst mikilvæg forsenda fyrir þeim mikla uppgangi sem síðan hefur orðið í lyfjaþróun og lyfjaframleiðslu á Íslandi.

Þótt fastir kennarar við Lyfjafræðideild séu ekki margir að tölu hafa þeir löngum verið mikilvirkir rannsakendur hver á sínu sviði. Hafa þeir byggt upp sterkan rannsóknagrunn sem jafnframt hefur orðið undirstaða uppbyggingar öflugs framhaldsnáms sem stenst samjöfnuð við það sem best gerist á Norðurlöndum og þótt víðar væri leitað.

Rannsóknir kennara Lyfjafræðideildar og mikið samstarf þeirra við vísindamenn í öðrum deildum Háskólans og öðrum innlendum og erlendum rannsóknastofnunum og lyfjafyrirtækjum hafa einnig leitt til fjölda einkaleyfa og stofnunar sprotafyrirtækja. Þannig hafa rannsóknir og kennsla í lyfjafræði við Háskóla Íslands leitt til nýrra atvinnutækifæra og eflt þekkingarsköpun fyrir íslenskt samfélag á sviði lífvísinda.

Þrátt fyrir ótvíræðan akademískan styrk hefur fámennið og skortur á aðstöðu hamlað framþróun á einstökum sviðum lyfjafræðinnar héraendis. Á þetta ekki síst við um klíniska lyfjafræði. Þar sem skort hefur á aðgengi að þjálfun hafa nemendur þurft að halda utan í kostnaðarsamt nám og hefur nýliðun í stéttinni verið að sama skapi hæg – og vegna þess hversu faliðuð stétt klínískra lyfjafræðinga er hefur ekki verið unnt að byggja upp kennslu frá grunni. Til að bregðast við þessu var brugðið á það ráð að leita eftir samstarfi við University College London, sem er leiðandi háskóli í greininni á heimsvísu. Árangur þessa samstarfs leit dagsins ljós haustið 2016 þegar fyrstu nemendurnir voru teknir inn í klínískt lyfjafræðináms hér á landi. Námið er launað 90 eininga þriggja ára starfsnám sem fer að mestu fram á sjúkrahúsapóteki Landspítala og lýkur með MS-gráðu frá Lyfjafræðideild. Tveir nemendur hafa verið teknir inn í námið á hverju hausti og munu fyrstu kandídatarnir útskrifast vorið 2019. Markmið námsins er að þjálfa og þróa hæfni lyfjafræðinga í grundvallarþáttum klínískrar lyfjafræði og sjúkrahúslyfjafræði.

Námið er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Landspítalans og hafa Lyfjafræðideild og spítalinn m.a. nýtt sér kennsluviðmið frá University College London og fengið þaðan leiðbeiningar um uppbyggingu og skipulag námsins og þjálfun leiðbeinenda á Íslandi, en þess má geta að Háskóli Íslands er fyrsti háskólinn utan Bretlands sem UCL efnir til slíks samstarfs við. Með þessu móti er námið viðurkennt af Royal Pharmaceutical Society og auk þess gefst nemendum kostur á að

sækja tímabundna námsdvöl við háskólasjúkrahús í Bretlandi.

Þótt þetta samstarf Lyfjafræðideildar Háskóla Íslands við Landspítalann og University College London sé enn ungt að árum hefur það nú þegar sannað mikilvægi sitt og reynst Háskóla Íslands afar dýrmætt, enda er hér á ferð frábært dæmi um alþjóðlegt samstarf um miðlun góðra starfshátta sem þegar öllu er á botninn hvolft skilar okkur betri heilbrigðisstarfsmönnum og eykur öryggi sjúklinga.

Góðir gestir. Ég vil að lokum nota tækifærið og þakka öllum þeim sem hafa komið að uppbyggingu þessa náms, ekki síst klínísku lyfjafræðingunum á Landspítalanum sem hafa lagt á sig ómælda vinnu til að láta námið verða að veruleika og standa undir kröfum University College London.

Til hamingju með áfangann.